

um könnun á sendingu matvæla til þróunarlanda.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Pálmi Jónsson, Þorv. Garðar Kristjánsson,  
Eyjólfur K. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna til hlítar, hvort unnt sé að auka stuðning við þróunarlönd á þann veg, að íslenska ríkið kaupi búsafurðir af framleiðendum, svo sem mjólkurduft, og sendi þangað sem þörfin er brýnust fyrir matvæli.

#### Greinargerð.

Á undanfórnum árum hefur oft verið á það minnst, að Íslendingum bæri skylda til að auka aðstoð sína við þróunarlöndin. Framlög þeirra á þessu sviði hafa þó verið af skornum skammti.

Ísland gekk að sáttmála hinna Sameinuðu þjóða 19. nóvember 1946 og hefur getið sér gott orð á þeim alþjóðlega samstarfsvettvangi. Þá eru Íslendingar aðilar að ýmsum sérstofnunum S. þ., svo sem Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO — Food and Agriculture Organization of the United Nations). Hjá þeirri stofnun hafa íslenskir skipstjórar starfað við að kenna fiskveiðiaðferðir í þróunarlöndum. Æðsta takmark þeirrar stofnunar er að útrýma hungri í heiminum. Í því skyni var hafin herferð gegn hungri 1. júlí 1960. Þá var og gerð samþykkt á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1960 þess efnis, að nýta bæri umframframleiðslu matvæla í heiminum meðal þróuðu og ríku landanna til að stuðla að framförum á sviði efnahags- og félagsmála í fátækum löndum.

Takmarkið um útrýmingu hungurs er enn fjarlæggt, en að því verður að stefna. Þá hlýtur að skipta meginmáli að finna hagkvæmar leiðir til að koma fæðunni þaðan sem meira en nóg er til af henni þangað sem fæðuskortur er og fólkið lifir við hungurmörkin.

Öldum saman hafði íslenska þjóðin náin kynni af hungurvofunni. Hefur svo verið tekið til orða, að núlifandi Íslendingar séu fyrsta kynslóðin í landinu, sem fengið hafi nóg að borða. En þá bregður svo við, að of mikið er orðið af matföngum í landinu. Nú er þjóðinni mikill og alvarlegur vandi á höndum vegna framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða langt umfram það, sem selst á innanlandsmarkaði. Við slíkan vanda erum við óvön að fást, þó að ýmsar aðrar þjóðir þekki þau vandamál af langri reynslu.

Í Morgunblaðinu hinn 12. janúar s. l. birtist smágrein eða ábending frá sr. Gunnari Gíslasyni í Glaumbæ. Þar sem hún er efnislega náskyld þessum hugleiðingum, er hún skv. leyfi hans felld að hluta inn í þessa greinargerð. Þar segir svo:

„Að undanfögnu hafa málefni landbúnaðarins mjög verið til umræðu og hvað helst væri til úrlausnar þeim vanda, sem þessi elsti atvinnuvegur okkar hefur við að etja. Haldbestur sýnist mönnum sá kostur að draga úr framleiðslunni, minnka matvælaframleiðsluna. Það má kalla ömurlegt hlutskipti sonum þjóðar, sem svalt um aldir og hafði ekki að öllu í sig og á fyrr en um miðbik þessarar aldar, að brjóta heilann í vöku og draumi um það, hvernig draga megi úr framleiðslu matvæla og það í veröld, þar sem hundruð milljóna manna búa við skort og hungur.“

Ef ég man rétt, þá eru Íslendingar aðilar að þeirri samþykkt Sameinuðu þjóðanna, að þær þjóðir, sem betur mega sín, vinni að því marki að leggja hungurðum og vanærdum þjóðum fram til hjargar svo sem einn hundraðshluta af þjóðartekjum. Ættum við ekki að taka okkur í alvöru á og reyna að standa við þessa samþykkt og stíga skref í þá átt með því, að unnin yrði þurrmjólk úr allri þeirri mjólk, sem við torgum ekki sjálfir eða vandkvæði eru á að koma í verð. Ríkið keypti síðan afurðina við grundvallarverði og sendi þeim sem svelta? Slíkt væri fagurt franlag á barnaári til sveltandi barna.“

Með hliðsjón af framanrituðu leggja flutningsmenn þessarar tillögu þunga áherslu á, að stjórnvöld kanni allar færar leiðir til að ná hinu tvíþætta markmiði, að auka aðstoð við þróunarlönd og koma hollum matvælum í verð til þeirra, sem ekki hafa nóg að borða.